

25. september kl. 08:30 – 12:00

Leitarvélabestun á mannamáli

„Ef Google finnur þig ekki, finnur þig enginn“. Það er til lítills að vera með heimasíðu ef enginn getur fundið hana. Leitarvélabestun er röð aðgerða sem kemur heimasíðum ofar í leitarniðurstöðum leitarvéla eins og Google fyrir ákveðin orð eða frasa. Á þessu námskeiði er farið í helstu þætti leitarvélabestunar og útskýrt hvernig síður skora vel bæði í texta- og myndaleit. Farið er í hvernig eigi að finna réttu orðin, hvernig þau eru notuð í texta á vefsvæðum og svo hvernig bæta megi leitarniðurstöðu með markaðssetningu utan heimasíðunnar. Þetta námskeið er bæði fyrir þá sem hafa áhuga á heimasíðugerð og þá sem sjá um viðhald og skipulag vefsvæða. Námsfnið er sett fram þannig að auðvelt sé að skilja það.

Markmið:

Að þátttakendur geti skipulagt heimasíðu þannig að hún finnist sem best með leitarvélum og auki þannig viðskipti fyrirtækisins.

Skipulag námskeiðsins:

1. Inngangur
2. Leitarorðagreining
3. Forsíðan og leitarorðin
4. Textasmíðar
5. Innsetning á texta
6. Lendingarsíður
7. Innri og ytri leitarvélabestun
8. Vefsíður þáttakenda skoðaðar



Leiðbeinendur:

Jón Trausti Snorrason, framkvæmdastjóri Allra Átta
Björn Jóhannsson MSc Alþjóðavípskipti,
markaðsstjóri Allra Átta



Verð: kr. 11.500,- (kr. 5.750,- greitt úr Starfsmenntasjóðnum*)

Skráning: bjarndis@atvinnurekendur.is

Tími: Þriðjudagurinn 25. september kl. 8:30 - 12:00 (boðið er upp á léttan morgunverð áður enn að námskeiðið hefst).

Staður: Hús verslunarinnar, 9. hæð

**Peir starfsmenn fyrirtækja sem eru í VR fá sjálfkrafa styrk úr Starfsmenntasjóði verslunarinnar þegar þeir sækja námskeið hjá Félagi atvinnurekenda ef stigaeign fyrirtækja er fyrir hendi.*